

Nd.

92. Frumvarp til laga

[83. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Flm.: Pálmi Jónsson.

1. gr.

Síðari málsgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Á tímabilinu 1972—1976, að báðum árum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgþurrkunartækjum með mótör og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanleg tæki að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Búnaðarþingi var kosin millipinganefnd til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Var þess full þörf, að hafizt væri handa um þetta verkefni, því að ástæða sýnist til að hugleiða breytingar á lögnum í ýmsum efnum.

Ekki er enn vitað, hvað starfi nefndarinnar liður, en rétt virðist að bíða með að gera tillögur um meiri háttar breytingar á lögnum, þangað til hún hefur skilað álit.

Sú breyting, sem með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði á lögnum, hefur þó sérstöðu. Hér er um að ræða endurnýjun á bráðabirgðaákvæði, sem gildi á árunum 1965—1969. Síðan hefur ákvæði þetta í raun verið framlengt með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er hins vegar ekki að finna tillögu um fjárveitingu í þessu skyni og því horfur á, að niður falli aðstoð ríkisins við þennan þátt landbúnaðarins, verði ekkert aðhafzt til úrbóta. Því er þetta frumvarp flutt, enda eðlilegra, að ákvæði, er þetta varðar, sé að finna í landbúnaðarlöggjöfnni, meðan réttmætt er talið, að framlög séu greidd til súgþurrkunartækja.

Þarflaust er að fara mörgum orðum um gildi súgþurrkunar fyrir íslenzkan landbúnað. Það hefur sannast ótvírætt á undanförunum árum, að súgþurrkun er meðal þess, sem mest hefur hjálpað bændum við aukna og bættu fóðuröflun.

Þótt súgþurrkun sé ekki einhlít, þegar verulega bregður til votviðra, er það mála sannast, að án hennar aðstoðar og þess öryggis, sem hún veitir, munu fáir geta hugsað sér þurrheysverkun, meðan aðrar aðferðir og ný tækni ryður sér ekki til rúms.

Þótt útbreiðsla súgþurrkunartækja hafi verið mikil á undanförunum árum og bændur mjög almennt tekið þessa tækni í sína þjónustu, þá fer því fjarri, að tækin séu í mörgum tilvikum jafnfullkomin og vera þyrfti, auk þess sem hin eldri ganga úr sér.

Tækin eru dýr, og má búast við, að verð á þeim hamli útbreiðslu verulega, ef framlag til þeirra væri fellt niður. Það er því að dómi flm. mjög nauðsynlegt, að áfram verði haldið fjárframlögum í þessu skyni, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu.